



Starfsreglur ungmennaráðs Hvalfjarðarsveitar

1. Skipan

Sveitarstjórn skipar 5 einstaklinga að fengnum tilnefningum. Leitast skal við að hafa sem jafnast kynjahlutfall. Kjörgengir eru þeir sem eru á aldrinum 14-21 ára og eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Nemendafélag skólans tilnefnir 3 einstaklinga og fjölskyldu- og frístundanefnd tilnefnir 2 einstaklinga sem lokið hafa grunnskóla. Auk kjörinna fulltrúa eiga formaður fjölskyldu- og frístundanefnd og sveitarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Ungmennaráðið er skipað til tveggja ára í senn á fundi sveitarstjórnar í september annað hvert ár. Frístundafulltrúi er tengiliður sveitarfélagsins við ungmennaráðið. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar.

2. Starfsfyrirkomulag

Eftir skipan í ungmennaráðið boðar sveitarstjóri til fyrsta fundar ráðsins. Á fyrsta fundinum kýs ráðið sér formann, varaformann og ritara. Formaður boðar fundi í samráði við frístundafulltrúa. Fyrirhugaðir fundir auk dagskrár skal auglýst á vef sveitarfélagsins með 7 daga fyrirvara. Formlegt fundarboðið skal vera skriflegt eða rafrænt til ráðsmanna og skal berast eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Ungmennaráð skal funda að minnsta kosti fimm sinnum yfir starfsárið og þar af tvisvar með sveitarstjórn. Fundur ungmennaráðs með sveitarstjórn skal undirbúin í samráði við sveitarstjóra. Ráðið skal halda fundargerðir sem lagðar eru fram á fundum fjölskyldu- og frístundanefnd. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti. Fulltrúar í ungmennaráði Hvalfjarðarsveitar skulu fá greidda þóknun fyrir fundarsetu sem ákvörðuð er af sveitastjórn fyrir sambærilegar nefndir á vegum Hvalfjarðarsveit.

3. Hlutverk

Tilgangur ráðsins er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar skal vera sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins til ráðgjafar um málefni sem varðar ungmenni og skal sveitarstjórn hafa við það samráð í þeim málefnum. Eitt meigin hlutverk ráðsins er að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og kynna fyrir þeim stjórnsýsluleg vinnubrögð. Auk þess að efla tengsl milli ungmenna og auka tengsl þeirra og áhrif í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

4. Starfsaðstaða

Sveitarfélagið leggur ungmennaráðinu til aðstöðu til fundarhalda, ásamt þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi þess.

5. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglum sem undir starfssvið þess heyrir og gildir hverju sinni. Auk þess að fara eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar.